



Fréttatilkynning
13 May 2024 17:08:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

Íslandsbanki hf. lauk í dag útboði á sértryggðum skuldabréfum. Heildareftirspurn í útboðinu var 8.360 m.kr.

Samþykkt tilboð í verðtryggða flokkinn ISB CBI 29 voru samtals 940 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 3,74%. Heildartilboð voru 7.060 m.kr. á bilinu 3,73% til 3,87%. Bankinn gefur einnig út 10.000 m.kr. í flokknum til eigin nota.

Samþykkt tilboð í óverðtryggða flokkinn ISB CBF 27 voru samtals 920 m.kr. á 1 mánaða REIBOR + 0,25%. Heildartilboð voru 1.300m.kr. á kröfunni REIBOR + 0,24% til REIBOR + 0,40%. Seld verða áður útgefin bréf í eigu bankans.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

MAR Legend

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssýni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)